

Íbúasamráðsverkefni Stykkishólms framtíðarskipulag útisvæða og leikvalla í Stykkishólmi



ÚTDRÁTTUR

Helstu niðurstöður samráðs gefa til kynna að Hólmarar séu sáttir við staðsetningu leikvalla bæði við Skúlagötu og Lágholt sem er í samræmi við framtíðaráform bæjarstjórnar um skipulagningu leikvalla í landi Stykkishólmsbæjar.

Svarendur netkönnunar, sem lögð var fram daganna 9.-23. mars, voru beðnir um að forgangsraða þeirri hreyfingu sem þeim þótti mikilvægast að börn gætu stundað á leikvöllum. Flestir settu klifur og boltafærni í fyrsta sæti. Á eftir því kom jafnvægi og hopp. Niðurstöður gefa því til kynna að við uppbyggingu leikvalla þarf að leggja meiri áherslu á klifur, jafnvægi, hopp og boltafærni án þess þó að útiloka annað.

Hvað staðsetningu varðar fyrir minni leikvelli var mestur áhugi á flötunum, einnig var töluverður áhugi á Hólmgarðinum, Áskinn, Silfurgötu, Tjaldsvæði og bankatúni. Í kjölfarið var haft samband við íbúa á flötunum til að kanna nánar þeirra álit á staðsetningum. Þar var áberandi meirihluti sem vildi fá leikvöll á opnu svæðin á Garðafliot.

Meðal tillaga frá vinnuhóp, sem mótaðar eru út frá samráði, er að gengið verði að tilboði frá Lexgames (sjá fylgiskjal 1) og settur upp leikvöllur á Garðafliot, í Hólmgarðinum verði komið upp leiktækjum/afþreyingu úr náttúrulegu efni sem fellur vel að umhverfinu. Þá leggur vinnuhópur einnig til að koma upp frísbíggvelli á Vatnsásnum, við grunnskóla, auk þess að þrjár slíkar körfur verði settar upp á leikvöll við Skúlagötu, í samráði við íbúa. Þar yrði þá auk annara leiktækja lítill frísbíggvöllur, þannig bíður svæðið upp á afþreyingu fyrir alla fjölskylduna.

Víða í samráðsferlinu kom fram vilji bæjarbúa til að bæta viðhald á leikvöllum og er því lagt til að sett verði upp viðhaldsáætlun leikvalla fyrir þjónustumiðstöð til að tryggja reglubundið eftirlit og forðast óþarfa hættur.

EFNISYFIRLIT

Útdráttur.....	2
Verkefnið	4
Tildrög og upphaf verkefnis	4
Fyrstu skref í Kópavogi	4
Annar fundur á Akureyri.....	4
Fjarfundur vegna COVID-19	4
Undirbúningur samráðs.....	5
Stýrihópur.....	5
Hagsmunaaðilagreining.....	5
Kynningaáætlun	5
Samráð við íbúa	6
Fyrri samráð	6
Hvað vilja börnin	6
Gengið í hús.....	6
Netkönnun	7
Helstu niðurstöður samráðs	7
Íbúasamráð til framtíðar.....	8
Undirbúningur fyrir íbúasamráð.....	8
Eldri tillögur	9
2012.....	9
2015.....	9
Nýjar tillögur	9
Skilti á öllum leiksvæðum	10
Látum verkin tala.....	10
Viðhaldsáætlun	11
Lokaorð	12
Myndir	13

VERKEFNIÐ

Verkefni Stykkishólmsbæjar snéri í megindráttum að því að fá íbúa til samráðs um skipulag og útfærslu leikvalla í bænum. Með samráði við íbúa getur náðst aukin sátt um stefnumótun sem skapar stöðugleika, samheldni og ýtir undir almenna hagsæld. Stykkishólmsbær vill gefa íbúum raunveruleg tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og nýta krafta þeirra til þess að gera breytingar sem henta íbúum bæjarins. Lokaafurð þessa verkefnis er ekki eingöngu betri leikvellir og breið sátt um þá, heldur einnig aðferðafræði sem nýta má við fleiri ákvarðanir Stykkishólmsbæjar þegar fram líða stundir.

TILDRÖG OG UPPHAF VERKEFNIS

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti í lok árs 2018 að verða við umleitan Sambands íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarkaupstaðar um fimm milljónir kr. styrk til að fara í íbúasamráðsverkefni með þátttöku nokkurra sveitarfélaga. Markmið verkefnisins var að aðstoða þátttökusveitarfélögin við að beita þeim samráðsaðferðum sem kynntar eru í handbók sambandsins frá 2017: „Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa“. Auk Akureyrar voru Kópavogur, Stykkishólmur og Norðurþing valin til þátttöku í verkefninu.

Bæjarstjórn skipaði Gunnlaug Smárason, bæjarfulltrúa, og Magnús Inga Bæringsson, tólmstunda- og æskulýðsfulltrúa, sem fulltrúa til að taka þátt í fundum og vinnustofum í sambandi við verkefnið og stuttu síðar bættist Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra, í hópinn.

Haldnir voru þrjú vinnufundir á vegum Sambandsins þar sem fulltrúum þátttökusveitarfélagana gafst kostur á að bera saman bækur sínar auk þess að þiggja ráðgjöf frá Alta, ráðgjafafyrirtæki, og reynslumiklum fulltrúum sem fengin voru frá sænska sveitarfélagasambandinu, Lena Langlet og Anders North.

FYRSTU SKREF Í KÓPAVOGI

Fyrsta vinnustofa verkefnisins var haldin í Kópavogi 23. ágúst 2019. Þar var áhersla lögð á grunnhugmyndafræði og reynslu sænsku sérfræðinganna. Sveitarfélögin kynntu sínar hugmyndir um samráðsverkefni og fengu ráðgjöf ásamt hugmyndum að fyrstu skrefum.

ANNAR FUNDUR Á AKUREYRI

Önnur vinnustofan var haldin 25. október 2019 í Símenntunarstöðinni á Akureyri. Vinnustofan byrjaði á stuttri kynningu frá Lenu og Anders um helstu áherslur og markmið íbúasamráðsverkefnisins, lykilorðþátttakendur og aðferðir til að virkja íbúa. Að því loknu kynntu sveitarfélögin stöðu sinna verkefna. Eftir hverja kynningu voru umræður þar sem Anders og Lena létu í ljós sitt álit, athugasemdir og leiðir fyrir sveitarfélög til að ná sínum markmiðum.

Fulltrúar Stykkishólmsbæjar kynntu verkefni sitt og stöðu þess. Vakin var athygli á því að ungum íbúum Stykkishólms færi fjölgandi og því mun meiri þörf á fjölbreyttum leiksvæðum og rétt þætti að leggja áherslu á að fá álit frá öllum notendum, bæði börnum og foreldrum um hvernig tæki eigi að vera á leikvöllunum en einnig hvar best væri að koma upp nýju litlum leikvöllum fyrir yngstu kynslóðina.

FJARFUNDUR VEGNA COVID-19

Þriðja og síðasta vinnustofan var haldin 27. mars í fjarfundarbúnaði. Gripið var til þeirra ráðstafana vegna COVID-19. Sveitarfélögin fóru yfir stöðu sinna verkefna og fengu í kjölfar fræðslu frá sænsku ráðgjöfunum um gerð meginreglna um íbúasamráð til að leggja til grundvallar við áframhaldandi íbúasamráð í sveitarfélögunum.

UNDIRBÚNINGUR SAMRÁÐS

Sænsku sérfræðingarnir lögðu fram gátlista þátttökusveitarfélögunum til stuðnings, einkonar leiðarvísir í átt að marktæku og góðu samráði. Þar var m.a. lagt til að skipaður yrði einn verkefnisstjóri, Magnús Ingi fékk þann titil og fulltrúarnir þrír, Magnús Ingi, Jón Sindri og Gunnlaugur voru vinnuhópurinn sem leiddi verkefnið.

STÝRIHÓPUR

Auk þess var lagt til að mynda stýrihóp sem hefði það verkefni að veita vinnuhópnum aðstoð og aðhald. Í stýrihóp voru fengnir fulltrúar hagsmunaaðila, þ.e. formenn foreldrafélaga leik- og grunnskóla, einn aðili frá hverjum lista sem á sæti í bæjarstjórn og einn aðili sem er vel kunnur byggingarframkvæmdum og verklegri uppsetningu leikvalla.

Stýrihópurinn mynduðu þau Klaudia Gunnarsdóttir, Óðinn Burkni Helgasson, Rihannon Mary, Bergur Hjaltalín, Árni Ásgeirsson, Arna Dögg Hjaltalín og Gunnlaugur Smáráson. Fyrsti fundur með stýrihóp fór fram, 9.janúar 2020 þar sem farið var yfir forsögu verkefnis, stöðu þess í og næstu skref.

HAGSMUNAAÐILAGREINING

Meðal fyrstu verka var að greina hvaða aðilar bera hagsmuni barna fyrir brjósti og er annt um leikvelli í bæjarins. Í fyrstu virtist þessu fljótsvarað og jafnvel óþarft að veita frekari athygli, málið snerti alla íbúa bæjarins.

Þegar á leið kom í ljós að þessi hagsmunaaðilagreining er mikilvægur liður í verkefni sem þessu. Með því að flokka íbúa í líkanið hér að neðan er auðvelt að átta sig á t.d. hvaða hópar koma til með að taka þátt í samráðinu án þess að þeir séu sérstaklega hvattir til þess og hvaða hópar hafa mikla hagsmuna að gæta en eru síður líklegir til að taka þátt í samráði. Þegar það liggur fyrir er hægt að leita leiða til að nálgast alla hópa og hvetja til þátttöku. Íbúasamráð gengur út á það að að leita til íbúa og hlusta eftir þeirra þörfum og viðhorfum, því íbúar eru sérfræðingar í sínu nærumhverfi. Fyrir vel heppnað samráð dugur ekki að auglýsa opin fund og hlusta eingöngu á þá sem mæta, standa upp og tala yfir hópinn. Í samráðsferli er gerð krafa um að sækja hugmyndir og skoðanir til íbúanna.



KYNNINGAÁÆTLUN

Þeir fagaðilar sem fengnir voru af sambandinu til að vera ráðgefandi í verkefninu lögðu ríka áherslu á endurgjöf til íbúa. Samráð gengur ekki eingöngu út á að fá upplýsingar frá þátttakendum þess heldur einnig að veita upplýsingar og halda fólki þannig upplýstu um gang mála.

Til þess var notast við vefsíðu Stykkishólmsbæjar ásamt facebook, en fylgjendur Stykkishólmsbæjar á facebook eru fleiri en íbúar bæjarins þegar þessi skýrsla er skrifuð, það var því ekki áhyggjuefni að ná ekki til fólks. Einnig voru skrifaðar greinar í Jökul, sem dreift er í öll hús á Snæfellsnesi

SAMRÁÐ VIÐ ÍBÚA

Samráðið var viðamikið og hófst með nemendum grunnskólans. Þar að auki var verkefnið kynnt sérstaklega fyrir starfsfólki grunn- og leikskóla og stýrihóp þar sem sitja tengiliðir mikilvægra hagsmunahópa. Meðal annars gengu verkefnastjóri og bæjarstjóri í hús og kynntu verkefnið sérstaklega fyrir íbúum af erlendum uppruna til að kalla fram þeirra hugmyndir, en sænsku ráðgjafarnir lögðu áherslu á að þátttaka bæjarstóra eða annara embættismanna í verkefninu sýndi mikilvægi þess og ennfremur mikilvægi skoðana íbúa. Mikið samráð hefur áður átt sér stað hvað leikvelli varðar, í umhverfisgöngu bæjarstjóra sem fór fram í ágúst 2019 voru leikvelliir títt nefndir, árið 2012 var unnin skýrsla um framtíðarskipulag gönguleiða og leikvalla í Stykkishólmi sem reyndist einnig góður grunnur að þessu verkefni og var einnig unnið með ábendingar frá Rólóvinafélaginu.

FYRRI SAMRÁÐ

Í skýrslu um framtíðarskipulag gönguleiða og leikvalla í landi Stykkishólms kemur fram að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerði úttekt á leikvöllum í Stykkishólmi og gerði athugasemdir við ástand leiktækja o.fl. í samræmi við lög og reglugerðir. Helstu athugasemdir sem komu fram í þeirri skýrslu voru að ekki var viðunandi fallundirlag við mörg leiktækin og að tækin þyrfti að yfirfara og laga með tilliti til staðla og reglugerða.

Um miðjan ágústmánuð 2019 gekk bæjarstjóri ásamt öðrum fulltrúum Stykkishólmsbæjar og íbúum um allar götur bæjarins. Tilgangur umhverfisgöngunnar var að efna til samtals um nánasta umhverfi, hvað mætti betur fara í frágangi og umhirðu bæjarins auk þess að miðla upplýsingum frá Stykkishólmsbæ um framkvæmdir.

Á annað hundrað íbúa mættu í umhverfisgönguna sem skiptist niður á fjögur kvöld, tvær göngur á hverju kvöldi. Margar athugasemdir voru gerðar við leikvöllina í bænum og göngustíga sem víða þarfnast viðhalds auk annara nýrra gönguleiða sem hafa myndast þar sem gangandi vegfarendur stytta sér leiðir. Meðal athugasemda varðandi leikvelli var nefnt að bæta mætti undirlag og girðingar. Leikvöllur við Áskinn þótti óþarflega stór, setja mætti leiktæki og bekki á grænu svæði á Silfurgötu, þar sem áður var leikvöllur. Í Hólmgarði komu upp hugmyndir um annarsvegar minigölvöll eða náttúruleg leiktæki sem falla vel að umhverfi.

HVAÐ VILJA BÖRNIN

Þar sem börnin eru helstu hagsmunaaðilar og þau koma til með að nota leikvöllina þótti rétt að byrja á að hlusta á þeirra hugmyndir. Vinnuhópurinn fór á fund leikskólakennara og grunnskólakennara og leitaði leiða til að virkja börnin til samráðs. Síðar fóru Magnús og Gunnlaugur aftur í Grunnskólann og unnu með eldri bekkjum að niðurstöðum sem spoguðu þeirra vilja.

Ekki var farið í frekari vinnu með leikskólabörnum en engu að síður þótti mikilvægt að funda með leikskólakennurum, heyra þeirra athugasemdir og ýta undir umræðu um verkefnið í samfélaginu. Með aukinni umræðu eykst áhugi fyrir verkefninu sem ýtir undir þátttöku íbúa þegar þess þarf.

GENGIÐ Í HÚS

Í kjölfar hagsmunaaðilagreiningar kom bersýnilega í ljós að stór hópur fólks væri líklegur til að hafa mikið til málanna að leggja, hefði ríka hagsmuni en væri þó ólíklegur til þátttöku. Um er að ræða foreldra og aðra íbúa af erlendum uppruna. Þar er hópur sem þekkir leikvelli frá sínum heimalöndum og býr jafnvel yfir þekkingu og hugmyndum sem hefur ekki komið fram áður hér á landi. Þar sem stór hluti þessa hóps talar ekki íslensku er ólíklegt að þeir aðilar myndu t.d. sækja opna fundi. Því var ákveðið að skrifa stutta hnitmiðaða lýsingu á verkefninu og þýða yfir á ensku og pólsku, einnig var þýdd könnun sem set var á netið stuttu síðar. Verkefnastjóri bankaði ásamt bæjarstjóra á dyr þessa hóps, kynnti verkefnið og hvatti til þátttöku.

Í kjölfar bærust hugmyndir frá þessum hópi í tölvupósti og líklega betri þátttaka í netkönnun.


NETKÖNNUN

Netkönnun var sett í loftið dagana 9. - 23. mars. Niðurstöður hennar komu ekki á óvart og endurspegluðu samræður og fyrri samráð verkefnisins.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS


Niðurstöður netkönnunar sýndu að mikill meirihluti svarenda eru sáttir við staðsetningu leikvalla bæði við Skúlagötu og Lágholt sem er í samræmi við framtíðaráform bæjarstjórnar um skipulagningu leikvalla.

Svarendur voru beðnir um að forgangsraða þeirri hreyfingu sem þeim þótti mikilvægast að börn gætu stundað á leikvöllum. Flestir settu klifur og boltafærni í fyrsta sæti. Á eftir því kom jafnvægi og hopp. Niðurstöður gefa því til kynna að við uppbyggingu leikvalla þarf að leggja meiri áherslu á klifur, jafnvægi, hopp og boltafærni án þess þó að útiloka annað.



Hvað staðsetningu varðar fyrir minni leikvelli var mestur áhugi á flötunum, einnig var töluverður áhugi á Hólmgarðinum, Áskinn, Silfur götu, Tjaldsvæði og bankatúni.

Í kjölfarið var haft samband við íbúa á flötunum símleiðis til að kanna nánar þeirra álit á staðsetningum. Þar var áberandi meirihluti sem vildi fá leikvöll á opnu svæði við Garðaföt.



ÍBÚASAMRÁÐ TIL FRAMTÍÐAR

Eins og fram hefur komið er lokaður þessa verkefnis er ekki eingöngu betri leikvællir og breið sátt um þá, heldur einnig aðferðafræði sem nýta má við fleiri ákvarðanir Stykkishólmsbæjar þegar fram líða stundir.

Sveitarfélög eru bundin upplýsingaskyldum gagnvart íbúum sínum, skv. 103. gr. sveitarstjórnarlaga. Lögum samkvæmt skal sveitarstjórn upplýsa íbúa sína um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og ákvörðunar og varða þá með almennum hætti. Sama gildir um einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn skal leitast við að veita íbúum upplýsingar um áhrif slíkra mála og áætlana á þjónustu sveitarfélagsins til skemmri og lengri tíma, fjárhag þess, umhverfi og markmið sem að er stefnt. Upplýsingagjöf er undirstaða allrar annarrar þátttöku, í mörgum tilfellum nær aðkoma íbúa ekki lengra en að fá upplýsingarnar. Áður en ráðist er í samráð er mikilvægt að spyrja: *Er svigrúm til að hafa áhrif á ákvörðunartöku?*

Ef ekki er svigrúm til þess er samráð óþarft en engu að síður mikilvægt að halda íbúum vel upplýstum.

UNDIRBÚNINGUR FYRIR ÍBÚASAMRÁÐ

Við upphaf íbúasamráðs er mikilvægt að skipa í hópa skipuðum helstu hagsmunaaðilum. Vinnuhópur heldur utan um verkefnið og velur sér hópstjóra til að hafa yfirumsjón.

Helstu hagsmunaaðilar eru dregnir saman og gott er að nýta aðferðafræði, sem fjallað er um í handbók sambandsins um íbúalýðræði, um greiningu hagsmunaaðilahópa. Myndaður er stýrihópur, stýrihópurinn styður og heldur vinnuhóp á tánum í vinnu íbúasamráðs. Mikilvægt er að vinnuhópur haldi stýrihóp vel upplýstum um þróun verkefnis.

Vinnuhópur býr til lykilsurningar fyrir verkefnið hverju sinni. Lykilsurningar eiga það til að þróast með verkefninu og breytast í takt við ábendingar frá hagsmunaaðilum og ýmsum hópum.

Annar liður í undirbúningnum er að greina hagsmunaaðila verkefnisins. Mjög mikilvægt er að ná til marga mismunandi hópa og fá skoðanir úr ýmsum áttum.

Það er einnig mikilvægt fyrir íbúa að vera upplýsta um fjárhæð sem varið verður í verkefnið. Þannig nær fólk að vega og meta hvort fjármunum bæjarins sé e.t.v. betur varið í annað.

Vinnuhópur þarf að halda öllum bæjarbúum upplýstum og er það t.d. gert með opinberri tímalínu verkefnis, fréttum í bæjarblað og á heimasíðu sveitarfélags, íbúafundum og myndböndum um þróun verkefnis.

Margar leiðir eru til þess að ná fram hugmyndum bæjarbúa t.d. netkönnun, kaffispjall, fundir með hagsmunaaðilum, opnir fundir og íbúagátt.

Mikilvægt er að niðurstöður séu birtar á einfaldan hátt svo allir geti fylgst með gangi mála. Þegar niðurstöður úr íbúasamráði liggja fyrir mun vinnuhópur senda bæjaryfirvöldum lokaskýrslu með tillögum bæjarbúa um hvernig verkefnið skal vinnast, skýrslan verður birt á vef bæjarins svo íbúar geti einnig lesið hana.

Þegar farið er í vinnu sem þessa er Stykkishólmsbær, í þessu tilfelli, að óska eftir áliti íbúa. Bæjarbúar sem leggja á sig þá vinnu að mæta á fundi, taka þátt í könnunum eða deila sínum skoðunum á annan hátt eiga því skilið að fá að fylgjast með gangi mála, fá allar þær upplýsingar sem geta haft áhrif á skoðanir þeirra, t.d. kostnaðarupplýsingar vegna verkefnisins, og lokaniðurstöðu. Jafnvel þó lokaniðurstöðan væri að gera ekki neitt þarf að upplýsa um hvers vegna svo er. Sjái bæjarbúar ekki tilgang með þátttöku sinni í verkefni af þessum toga er ekki hvati til þess að taka þátt næst þegar bærinn óskar eftir aðstoð og því er mikilvægi endurgjafar til þátttakenda óumdeilanleg, að þátttakendur sjái að skoðanir þeirra höfðu áhrif eða voru teknar til ígrundunar. Mikilvægt hefði verið fyrir þetta verkefni að fjármagn sem áætlað er í verkefnið lægi fyrir svo fólk gæti áttað sig betur á umfangi þess og tekið upplýstari ákvörðun um hvernig best væri að verja þessum fjármunum.

ELDRI TILLÖGUR

Leikvellir í Stykkishólmi hafa setið á hakanum, því til vitnisburðar má sjá tillögur að næstu skrefum frá árunum 2012, 2015 og nú 2020

2012

Tillaga vinnuhópsins, sem vann skýrsluna 2012, að forgangsröðun við endurgerð og breytingar á leikvöllum bæjarins var að leikvellirnir við Skúlagötu og Stöðina (Silfurgötu) yrðu í fyrsta forgangi. Næst yrðu svo leikvellirnir við Lágholt og Flatir og síðast leikvellir við Áskinn og tjaldsvæðið. Þannig næðist að fara yfir leikvelli fyrir báða aldurshópa en þó á sitthvoru svæðinu í bænum í einu. Hópurinn lagði til að endurnýta og laga þau tæki sem hægt er en jafnframt að leitað yrði eftir frekara samstarfi við fyrirtæki eins og Krumma ehf., varðandi val á tækjum þar sem endurnýja.

Einnig lagði hópurinn til að sett yrðu upplýsingaskilti á hvern leikvöll sem vísa á aðra leikvelli bæjarins til að auðvelda ferðafólki að fara á milli og finna eitthvað nýtt og spennandi fyrir börnin. Upplýsingaskiltin gætu jafnvel þjónað þeim tilgangi að tengja saman leikvöllina og mynda skemtilegan gönguhring innanbæjar.

Þá kom einnig fram tillaga að útivistarhring með æfingastöðvum, var það mat vinnuhópsins að æfingastöðvarnar væru góð viðbót við möguleika fólks til fjölbreytilegrar hreyfingar og þar með bættrar lýðheilsu.

2015

Þriðjudaginn 2. júní 2015 hittust nokkrir meðlimir Rólóvinafélagsins með Sigurbjarti Loftssyni, sem þá starfaði sem skipulags- og byggingafulltrúi Stykkishólmsbæjar, og gengu um leikvelli bæjarins og skiptust á hugmyndum. Helst ber að nefna að allir voru sammála um að leikvöllurinn við Silfurgötu mætti hverfa, sem nú er raunin, og að leikvöllur við Áskinn mætti minnka talsvert. Þar kom einnig fram að fólk vildi halda leikvöllum við Skúlagötu og Lágholt.

Ásamt þessu var óskalisti yfir helstu aðgerðir varðandi tækjabúnað á hverjum leikvelli fyrir sig og var þessum tillögum skilað til bæjarstjórnar.

NÝJAR TILLÖGUR

Þær tillögur sem hér koma fram eru byggðar á niðurstöðum samráðs, þ.e. netkönnun, tölvupóstum og öðrum samtölum við íbúa.

Lagt var til, í samræmi við netkönnun og í kjölfar símtala við íbúa á flötum, að sumarið 2020 verði settur upp lítill leikvöllur fyrir yngstu kynslóð á opnu grænu svæði við Garðafliót. *Þetta hefur verið framkvæmt í samræmi við óskir íbúa.*

Þá er einnig lagt til fyrir sumarið 2020 að í Hólmgarðinum væri komið upp leiktækjum/afþreyingu úr náttúrulegu efni sem fellur vel að umhverfinu. Þessi tillaga er í anda við tillögur sem komið hafa fram í samráðsferlinu, bæði nú og t.d. í umhverfisgöngu bæjarstjóra 2019, og tillögum í Rólóvinafélagsins frá 2015 sem sendar voru bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar.

Af samtölum vinnuhóps við íbúa að dæma þykir líklegt til vinsælda að byggja leikvelli bæjarins upp með mismunandi áherslum og vinna þannig að því að leikvellirnir verði ólíkir hverjum öðrum og því gaman fyrir börn og aðra að nota ekki alltaf sama völlinn. Lagt er til að hver leikvöllur verði byggður upp eftir mismunandi áherslum fengnum úr forgangsröðun þátttakanda í netkönnun. Þannig má t.d. leggja áherslu á klifur og jafnvægi á einum velli, boltafærni á öðrum og hopp á enn öðrum. Þó einn leikvöllur sé byggður upp með áherslu á boltafærni þarf það þó ekki að útiloka önnur leiktæki, en með þessu móti byggjast upp ólíkir leikvellir með mismunandi áherslum.

Eftirfarandi er hugmynd um áhersluskiptingu leikvalla:

Leikvöllur	Áhersla	Markhópur
Lágholt	Klifur & jafnvægi	Allur aldur
Skúlagata	Boltafærni & hopp	Allur aldur
Hólmgarður	Klifur & hlaup – Náttúruleg tæki	Allur aldur
Flatir	Blönduð áhersla fyrir yngstu börn	0-6 ára
Tjaldsvæði	Blönduð áhersla fyrir yngstu börn	0-6 ára
Áskinn	Blönduð áhersla fyrir yngstu börn	0-6 ára
Silfurgata	Blönduð áhersla fyrir yngstu börn	0-6 ára
Lóð Tónlistarskólans	Útihljóðfæri	Allur aldur

Rétt er að taka fram að markhópurinn í töflunni hér að ofan snýr að vali á tækjum á tilteknum leikvelli, gert er ráð fyrir að við alla leikvelli verði borð eða bekkir og allir leikvellar geti einnig verið prýðis afþreying fyrir fjölskyldu með börn á öllum aldri, t.d. með grillaðstöðu.

Í samráðsferlinu komu einnig fram ábendingar, sér í lagi frá eldri borgurum, varðandi áhuga á minigolfbrautum í anda við það sem er t.d. á Siglufirði.

SKILTI Á ÖLLUM LEIKSVÆÐUM

Lagt er einnig til að unnið verði yfirlitskort með upplýsingum um öll leiksvæðin í Stykkishólmsbæ og sett verði upplýsingaskilti á öll leiksvæðin sem vísar á aðra leikvelli bæjarins. Það auðveldar fólki að fara á milli og finna eitthvað nýtt og spennandi fyrir börnin. Upplýsingaskiltin þjóna þannig þeim tilgangi að tengja saman leikvöllina og mynda skemmtilegan gönguhring innanbæjar. Ásamt yfirlitskortu mættu koma fram hugmyndir að útileikjum ásamt leiðbeiningum og varúðareglum, t.d. áminningu þess efnis að reiðhjólahljálma ber að taka af höfði sér svo þeir flækist ekki í klifurnetum eða öðrum tækjum. Á skiltum kæmi fram fyrirhugaðar hugmyndir að framtíðar uppbyggingu útisvæðis, á þeim mætti einnig koma fram upplýsingar um hvert á að hafa samband með tillögur og ábendingar varðandi viðhald og annað slíkt. Með þessu móti gefst íbúum áfram kostur á því að hafa áhrif á uppbyggingu og samráðinu þannig haldið lifandi.

Þessi skilti þurfa ekki að vera kostnaðarsöm, einföld lausn væri t.d. að plasta útprentað „skilti“ og festa á ruslatunnu á hverju svæði fyrir sig. Það felur í sér þann kost að auðvelt er að skipta út plaggi ef upplýsingum þarf að breyta.

LÁTUM VERKIN TALA

Leitast var eftir tilboðum í leiktæki sem hentað gætu vel á leikvöll við Garðaföt og leggur vinnuhópur til að gengið verði til samninga við Lexgames. Tilboð fékkst í eftirfandi tæki og er áætlaður heildarkostnaður kr. 3.215.000 + vsk, niðurkomið. Róla, klifur og þrautaganga (sjá mynd). Á svæðinu yrði einnig komið upp bekkjum og borði. Verkinu er nú lokið og varð heildarkostnaður kr. 2.890.000 + vsk.



Önnur tillaga vinnuhóps út frá samráði er að veita Clemens van der Zwet, sem séð hefur um garðsnyrtingar fyrir Stykkishólmsbæ og Jan Benner, garðyrkjufraeðingur sem leiðir sumarvinnu námsmanna, frjálssar hendur til að hanna og koma upp náttúrulegum leiktækjum í Hólmgarði. Til stuðnings fá þeir myndir af sambærilegum svæðum sem vinnuhópur velur út frá samráði við íbúa.

Þá leggur vinnuhópur einnig til að koma upp frisbígolfvelli. Vatnsás, holtið við grunnskóla gæti hentað vel fyrir slíkan völl með níu körfum. Kostnaður og framkvæmd við frisbígolfvöll snýr eingöngu að körfunum, engar framkvæmdir þarf við jarðveg. Lagt er til að keyptar verði 12 körfur, níu færu á Vatnsás og hinar þrjár færu á leikvöll við Skúlagötu þar sem yngstu börnin geta spilað folf á litlum velli með fjölskyldunni. Með litlum frisbígolfvelli til viðbótar við önnur leiktæki á Skúlagötu ætti því fjölskyldumeðlimir á öllum aldri að finna eitthvað við sitt hæfi. Vert er að skoða hvort hentugt sé að kaupa færanlegar körfur. Þessi tillaga er þó bundin því að íbúar í nágrenni við leikvöll á Skúlagötu séu þessu samþykkir.

Lagt er einnig til að leikvöllur við Áskinn verði minnkaður og girðing lagfærð og máluð. Færa mætti eldri leiktæki sem þurfa að víkja fyrir nýjum, og eru enn í góðu ásigkomulagi bæði frá Áskinn og öðrum leikvöllum, á tjaldsvæði og koma þar upp leikvelli.

Í samræmi skýrsluna frá 2012, er lagt til að í náinni framtíð verði skoðaðir möguleikar og kostir við að koma upp heilsustíg um Stykkishólm. Það væri þá ákveðinn gönguleið sem væri brotin upp með litlum æfingarstöðvum víðsvegar á leiðinni. Þetta væri liður í verkefninu heilsueflandi samfélag.

VIÐHALDSÁÆTLUN

Mikilvægt er að sett verið upp viðhaldsáætlun leikvalla fyrir þjónustumiðstöð til að starfa eftir. Viðhaldsáætlunin myndi tryggja reglubundið eftirlit með tækjunum svo hægt sé að bregðast strax við ef tilefni er til. Með reglulegri yfirferð starfsmanna þjónustumiðstöðvar er hægt að forðast óþarfa hættur. Í samráðsferlinu kom skýrt fram sterkur vilji fyrir auknu viðhaldi leikvalla og má túlka niðurstöður á þann veg að meiri áhersla hafi verið lögð á það að sinna viðhaldi en að setja upp nýja leikvelli. Því er brýnt að sett verið upp skrifleg viðhaldsáætlun í samstarfi við þjónustumiðstöð.

Skýrsla þessi er afhend Stykkishólmsbæ með það að markmiði að hún endurspegli mat bæjarbúa og geti reynst bænum sem leiðarljós í framkvæmdum hvað skipulag leikvalla varðar og einnig í komandi íbúasamráðsverkefnum.

Eins og fram hefur komið hefur aldursamsetning Stykkishólms verið að breytast og hlutfall ungs fólks með börn vaxið. Það kallar á framtíðaruppbygginu og mögulega aukna áherslu á leiktæki og útisvæði fyrir alla fjölskylduna. Af samtölum við erlenda ráðgjafa þessa verkefnis og íbúa af erlendum uppruna að dæma er umræðan á þann veg að tækjaval á íslenskum leiksvæðum sé helst til einhæft og því tækifæri í því að fara óhefðbundnari leiðir. Það getur í einhverjum tilfellum haft í för með sér sérhæf og dýrari leiktæki en einnig er hægt að róa á önnur mið og velja einföld og ódýrari leiðir. Þar er þó helsta fyrirstaðan lög og reglur varðandi úttektir og öryggi.

Vert er að hafa í huga að starfsemi skóla- og frístundasviðs fer í auknu mæli fram utan dyra þar sem útikennsla hefur stórauðist og geta leikvellir vel nýst undir slíkt starf. Huga þarf að aðkomu og tengingu við stígakerfi bæjarins þannig að stuðlað sé að aukinni notkun svæðanna, þau henti vel sem áningarstaðir, til almennrar útivistar, samveru og hvíldar á ferð um bæjarlandið. Gróður mætti nýta til að gera svæðið eftirsóknaverðara og sjálfsagðan hlut af leikumhverfi barna í Stykkishólmi. Ávinningur af líffræðilegum fjölbreytileika er lykilatriði við hönnun leiksvæða. Leiksvæði í minni kantinum gegna hlutverki andrýma á meðan stærri svæði þróast yfir í að gegna hlutverki hverfisgarðs, með aðstöðu til fjölpættar starfsemi í anda hverfisins. Mikilvægt er að leggja áherslu á bekki, borð, hugsanlega grill og annan búnað sem ýtir undir samveru og eykur vellíðan notendanna. Mikill kostur væri að féлага- og hverfissamtök kæmu að umsjón hverfisgarða með myndun vinafélags. Í samráðsferli um leiksvæðastefnu kom skýrt fram að mikill áhugi er fyrir því að gera áhugasömum aðilum kleift að taka svæði í fóstur.

Þá má velja því upp hvort boltaiþróttir eigi heima á leikvöllum í íbúðahverfum eða hvort ráðlegt væri að efla aðstöðu til boltaiðkunar á lóðum grunn- og leikskóla og stýra þannig boltaleikjum á þau svæði.

Varðandi samráð almennt þá eru þrjú punktar sem vert er að hafa í huga, þ.e. að:

1. Sveitarfélög á landinu vinni áfram saman með rýnihóp og deili þannig með sér þekkingu og álit.
2. Sveitarfélög deili reynslu sinni af samráðsferlum á mismunandi verkefnum og stærðir sveitarfélaga. Er til uppskrift af hinu fullkomna samráði sem auðvelt er að vinna eftir með og án utanaðkomandi sérfræðinga?
3. Samband íslenskra sveitarfélaga leggi áherslu á mikilvægi verkefnisins til framtíðar þannig að áherslan hverfi ekki með árunum þegar nýtt fólk tekur við keflinu.

MYNDIR

Að lokum eru settar fram myndir af tillögum að framtíðarskipulagi leikvalla og útisvæða í Stykkishólmsbæ sem æskilegt væri að fá viðbrögð við. **Rétt að ítreka að þetta eru tillögur sem er ætlað að kalla fram viðbrögð frá íbúum og því mikilvægt að fá umræður um tillögurnar.**


Hægt er að beina fyrirspurnum og frekari tillögum til eftirfarandi aðila:

Magnús Ingi Bæringsson (magnus@stykkisholmur.is)

Jón Sindri Emilsson (jonsindri@stykkisholmur.is)

Gunnlaugur Smáráson (gs@stykkisholmur.is)


Skúlagata



Lágholt



Silfurgata, Stöðin



Áskinn

